



Þórður Þórkelsson, yfirlæknir
vökudeild Barnaspítala Hringsins
LSH v. Hringbraut

Landspítala, 12. febrúar 2018
ÓB/eí Tilv. 16

Efni: Viðvarandi opin fósturslagrás hjá fyrirburum

Ágæti Þórður.


Vísað er til erindis þíns til undirritaðs 29. janúar sl. þar sem óskað er heimildar til að framkvæma ofangreinda rannsókn á Landspítala. Fram kom að þú ert ábyrgðarmaður rannsóknarinnar og samstarfsmenn eru Gísli Gíslason, læknanemi við Háskóla Íslands og sérfræðilæknarnir Gylfi Óskarsson, Hróðmar Helgason, Ingólfur Rögnvaldsson og Sigurður Sverrir Stephensen.

Gagnanefnd LSH hefur farið yfir og samþykkt rannsóknina og er hér með veitt leyfi til að rannsóknin og gagnaöflun eins og lýst er í umsókn, fari fram á LSH. Jafnframt er veittur aðgangur að sjúkragögnum sem tengjast rannsókninni.

Verði sjúkraskrár skoðaðar í rannsókninni, þá er sú vinna á ábyrgð þess aðila úr hópi rannsakennda, sem telst ábyrgðarmaður rannsóknarinnar innan Landspítala. Sú vinna skal fara fram á Landspítala og skal þess gætt að öllum reglum um vísindarannsóknir á Landspítala og persónuvernd sé fylgt. Ef meðal rannsakennda eru heilbrigðisstarfsmenn sem ekki hafa þegar aðgang að rafrænni sjúkraskrá þarf að sækja sérstaklega um aðgang fyrir hvern þeirra (kennitala) hjá aðgangsstjórn LSH.

Leyfið er háð því að fyrir liggja samþykki siðanefndar Landspítala og mun aðgangur að sjúkraskráum verða opnaður þegar það liggur fyrir og hefur verið sent til skrifstofu undirritaðs (e-mail: elinis@landspitali.is).

Með kveðju og ósk um gott rannsóknargengi,



Ólafur Baldursson,
framkvæmdastjóri lækninga

Afrit:

Ólafur Samúelsson, formaður siðanefndar Landspítala
Linda Kristmundsdóttir, framkvæmdastjóri
Magnús Gottfreðsson, yfirlæknir vísindadeildar

FRAMKVÆMDASTJÓRI LÆKNINGA

LSH Eiríksgötu 5 • 101 Reykjavík • Sími 543 1103 • Fax 543 1112 • Netfang: olafbald@landspitali.is • www.landspitali.is